

Ed.

184. Rökstudd dagskrá

samþykkt í Ed. 26. júlí.

Flutningsmaður: Hannes Hafstein.

(Frv. til laga um sameining Ísafjarðar og Eyrarhrepps á þgskj. 24).

Með því að sýslunefndin í Norður-Ísafjarðarsýslu, sem með frumvarpi þessu er farið fram á að skerða, hefir enn ekki látið uppi tillögur sínar, og kjördæmið er sem stendur þingmannslaust, telur þingdeildin ekki rjett, að mál þetta gangi lengra að svo stöddu, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.